

## Slapp betur en á horfðist eftir meiðsli í Moskvu

UNGUR handknattleiksmaður úr Val. Brynjar Harðarson, slasaðist á æfingu með félagum sínum í Moskvu fyrir viku síðan, en Valsmenn hafa undanfarið verið á æfinga- og keppnisferðalagi í Rússlandi.

Lenti Brynjar í árekstri við einn félagasinn og skall síðan í gólfið. Æð sprakk í höfði hans og blæddi inn á augnbotna og mænu. Brynjar missti meðvitund við slysið. Læknar í Moskvu vildu að Brynjar yrði á sjúkrahúsi þar fram undir mánaðamót, en Valsmenn ákváðu hins vegar, í samráði við sendiráðið, að flytja Brynjar heim. Kom hann til landsins á sunnudag og var lagður inn á Borgarsjúkrahúsið. Nú hefur komið í ljós, að meiðslin voru ekki eins alvarleg og óttast var í upphafi og fær Brynjar að fara heim í dag eða á morgun. Læknar telja, að hann muni ná sér að fullu.

## Létust í umferðarslysi

MÆÐGININ sem létust í umferðarslysi á Grindavíkurvegi á laugardagsmorgun hétu Jóna Auður Guðmundsdóttir og Viktor Sigurðsson.


Jóna Auður var fædd þann 14. júlí 1962 og var því 19 ára gömul er hún lést, en sonur hennar, Viktor, var hálfis annars árs.

### Keflavík:

## Ekið á barn á hjóli

ÞAÐ SLYS varð í Keflavík á sunnudag, að ekið var á 5 ára gamalt barn á hjóli á gatnamótum Sunnubrautar og Faxabrautar.

Slysið varð með þeim hætti að bifreið var ekið norður Sunnubraut og á gatnamótunum lenti bíllinn á barninu á hjólinu. Samkvæmt upplýsingum lögreglunnar í Keflavík er ekki talið að barnið sé alvarlega slasað, en þó var það flutt til sköðunar á Landspítalanum í gær, að lokinni skoðun á sjúkrahúsinu í Keflavík.



Lífshlaupið: fyrst Lifsins ólgu sjór, þá Sveitalíf, svo Borgalíf, loks Atvinnulíf.

Ljós. Mbl. Ólafur K. Magnússon.

# Lífshlaup Kjarvals

## Listaverkin á veggjunum í Austurstræti sýnd á Kjarvalsstöðum

ÞAÐ var brekka hjá Kjarval í kreppunni, eins og fleirum. Hann átti sér vinnustofu í Austurstræti 12 og þar teiknaði hann á vegg, þegar enginn var eyririnn fyrir litum og lérefti. Árið 1934 efndi hann svo til sýningar í vinnustofu sinni, og kallaði Lífshlaupið. Þakti Lífshlaupið þrjú veggi vinnustofunnar og skiptist í Lifsins ólgu sjó, Sveitalíf, Borgalíf og Atvinnulíf. Á fjórða veggnum var

svo Eilífðin. Svo sem Morgunblaðið hefur greint frá, keypti Guðmundur Axelsson í Klausturhólum myndirnar úr vinnustofunni, sendi þær til Danmerkur í hendur Steen Bjarnhofs, sem nú hefur lokið viðgerðum sínum á Lífshlaupinu, og það er nú komið til landsins og er uppistaðan í sýningu á Kjarvalsstöðum, sem opnar í dag kl. 14, og Guðmundur Axelsson stendur fyrir.

Lífshlaupinu hefur verið komið fyrir í norðurenda Kjarvals, eins og það var í vinnustofunni, með hurð og körmum og gólflistum og tveimur miðstöðvarofnum, þá er þar gamall stóll úr vinnustofunni, nokkrir munir og einnig litaspjald malarans, og skeifan hangir enn yfir dyrunum. Í suðurhluta Kjarvalssals eru ýmis verk Kjarvals úr einkaeign, flest talin máluð í vinnustofunni — og einnig nokkur

verk samtímamálara: Asgríms, Jóns Stefánssonar og Blöndals.

Halldór Runólfsson, starfsmaður Klausturhóla, sagði hugmyndina að gefa almenningi kost á að sjá þetta umtalaða listaverk, Lífshlaupið, en alls væri óráðið hvað svo yrði af því. Sýning þessi mun standa til 22. september og verður opin milli klukkan 14 og 22 daglega, og opnar semsé í dag, þriðjudag, kl. 14.

## Bundið slitlag komið á Þrengslaveg

NÝLEGA var lokið við lagningu bundins slitlags á Þrengslaveg frá Suðurlandsvegi. Í sumar var, að sögn Rögnvaldar Jónssonar, umdæmisverkfræðings hjá Vegagerð ríkisins, lagt slitlag á um 14 kílómetra kafla frá Suðurlandsvegi og væri nú bundið slitlag allt austur til Þorlákshafnar.

Starfsmenn Vegagerðarinnar

lagfærðu veginn og lögðu mulninginn undir slitlagið, en verktakafyrirtækið Hegranses lagði síðan sjálfa klæðninguna.

Aðspurður um slitþol klæðningarinnar, sagði Rögnvaldur, að ekki væri hægt að fullyrða neitt um það ennþá, þar sem reynslan væri ekki fengin. Hér á landi var

byrjað að leggja klæðningu á árið 1978.

Þá kom það fram hjá Rögnvaldi, að lagning klæðningar á vegi væri til muna ódýrari aðferð en að leggja olíumöl, eins og gert var áður fyrr.

Aðspurður um aðrar framkvæmdir, sagði Rögnvaldur Jónsson, að í sumar hefðu verið lagðir

10 km af slitlagi við Höfn í Hornafirði, 2,5 km á Þingvallavegi, 7 km undir Hafnarfjalli og norðan við Borgarnes, um 16 km á Vestfjörðum, um 10 km er verið að klæða í Hrutafirði, auk 4 km til víðbótar á Hólmavíkurvegi. Um 15 km voru lagðir í Langadal í Húnavatnssýslu, um 9 km á Reyðarfirði og Norðfirði.

# Frá DAIHATSUUMBOÐINU

Nokkrar kaldar staðreyndir um Daihatsu Charade

1. Verð kr. 79.953 með ryðvörn, skráningu og fullum benzíntanki.
2. Við lánum þér 30.000 kr.
3. Benzíneyðsla 6—7 lítrar per. 100 km.
4. Verð per benzínlíter kr. 7.85.

þarf að segja meira?

Til afgreiðslu strax í fjölbreyttu litaúrvali.

## DAIHATSUUMBOÐIÐ

Ármúla 23, símar 85870—39179.